

Skólaráð Ísaksskóla

FUNDARGERÐ

Dagsetning / Tími:	30. apríl, 8:30 – 10:00 2009
Staður:	Stofa 1, Ísaksskóli
Fundargestir:	Sigríður Anna Guðjónsdóttir, Brynjólfur J. Baldursson, Elísabet Ingólfisdóttir, Edda Huld Sigurðardóttir, Margrét Sigurðardóttir, Þóra Elísabet Kjeld, Eggert Sigurðsson og <i>Ísabella Friðgeirsdóttir</i>
Forföll:	Oddný Vala Jónsdóttir

Þetta var fyrsti fundur skólaráðs Ísaksskóla. Flestir meðlimir mættu og áttu góðan fund. Ákveðið var að Brynjólfur væri ritari ráðsins og ábyrgur fyrir fundargerðum.

Dagskrá fundar:

1. Reglugerð um skólaráð grunnskóla
2. Skóladaqatalið
3. Fundartímar ráðsins
4. Önnur mál

1. Reglugerð um skólaráð Grunnskóla

- Rætt var um reglugerðina og farið yfir allar 7 greinarnar.
- Skipan í skólaráðið er aðeins öðruvísi en í öðrum skólum – ákveðið var að hafa 3 fulltrúa frá foreldrum, sleppa fulltrúa grenndarsamfélags og bjóða 2 nemendum í efsta bekk að sitja fund ráðsins einu sinni til tvisvar ár ári.
- Skólaráðið er skipað:
Skólastjóri: Sigríður Anna Guðjónsdóttir
3 fulltrúar foreldra: Brynjólfur J. Baldursson, Elísabet Ingólfisdóttir, Oddný Vala Jónsdóttir
2 fulltrúar kennara: Margrét Sigurðardóttir, Þóra Elísabet Kjeld
2 fulltrúar annars starfsfólks: Eggert Sigurðsson og Ísabella Friðgeirsdóttir
2 nemendur: á eftir að velja þessa einstaklinga
- Skólastjóri í samráði við kennara velur 2 nemendur til að taka þátt í fundum ráðsins.
Skólastjóri mun senda netpóst eða upplýsa um þessa einstaklinga á næsta fundi ráðsins.

2. Skóladaqatal

- Skipulagsdagar ræddir og ákveðið að halda þeim óbreyttum.
- ÍTR námskeið að klárast sama dag og skólinn byrjar í haust, rætt um hvort að það væri vandamál en fólk sammála um að það væri í lagi.
- Skóladaqatalið samþykkt án breytinga.

3. Fundartímar ráðsins

- Ákveðið var að hafa 6 fundi í heildina, einu sinni í mánuði, fyrsta fimmtudag í mánuði og byrja í október.
- Eftirarandi eru fundarímar ráðsins:
1. október, 5. nóvember, 3. desember, 4. febrúar, 4. mars og 6. maí.
- Sigríður Anna mun senda fundarboð á alla fundi.
- Ákveðið var að kynna ráðið á netinu og einnig á opnum fundi í haust.

4. Önnur mál

A. Fjárhagur skólans

- Það er hugsanlegt að það náist að semja um 100% framlag frá sveitafélögum (í stað 75% í dag). Það væri þá mögulegt að lækka skólagjöld til foreldra.
- Það gengur vel að vinna að lausn vegna fjárhagsvandræða skólans.
- Skólastjóri vinnur með tveimur rekstrarmönnum að tillögum að lausn. Vonandi verður komin lausn á næstu 2-3 vikum. Skólastjóri mun upplýsa ráðið þegar lausn finnst.

B. Opinn fundur í haust

- Ákveðið var að halda opinn fund fyrir foreldra í haust, 5. nóvember, kl. 17:00 – 18:00.
- Skoðað verður hvort mögulegt er að hafa gæslu á vellinum fyrir börnin á meðan á fundi stendur.

C. Matarmál

- Það er einhver óánægja með matinn í skólanum:
frekar dýr, ekki finnst öllum hann geðslegur, kemur í álbökkum
- Sigríður Anna hefur verið að huga að þessum málum, hefur áhuga á því að losna við álbakka og finna hollan og góðan mat. Hún mun kanna málin betur og upplýsa um stöðuna á næsta fundi.

D. Tölvumál

- Ákveðið hefur verið að segja upp samningi við EJS.
- Framvegis verður séð um tölvumál innan skólans (netpóstur o.s.frv.) og mun Sigríður Anna upplýsa um þetta nánar þegar lausn er fundin.

E. Frístundarmál – framboð af námskeiðum

- Það er einhver óánægja með framboð af námskeiðum til nemenda.
- Einnig er talið að það þurfi að koma upplýsingum betur til skila og rætt um að auglýsa þetta vel bæði á vefnum og í fréttabréfi til foreldra.
- Rætt var um hinar og þessar frístundir (fimleika, ballet, tónlistarnám) og fyrirkomulagið (á staðnum eða í rútu á annan stað) - á endanum ákveðið að búa til starfshóp sem er ábyrgur fyrir að skoða þessi mál og koma með tillögum að framboði / fyrirkomulagi fyrir næsta skólaár.
- Hópurinn er skipaður eftirtöldum aðilum:
Elísabet Ingólfssdóttir, Margrét Sigurðardóttir og Eggert Sigurðsson.
- Hópurinn mun hittast 8. maí og ræða málin, koma með lausnir og kynna þær á næsta fundi ráðsins þann 14. maí.